

á yfirstandandi fjárhagstímabili, skaðabætur fyrir báðar hinar glötuðu peningasendingar, **131**
alls 37 rd. 43 sk. eða 74 kr. 89 aur. 14. nóv.

Um leið og jeg sendi herra amtmanninum hjálagða ávísun fyrir fje þessu, skal jeg þjónustusamlega biðja yður að sjá um, að sýslumanninum í Húnavatnssýslu verði greiddar af því 44 kr. 89 aurar, sem skiptaráðanda í dánarbúi framantjeds Stefáns Hjörleifssonar, og sira Stefáni Árnasyni 30 kr., og að senda mjer viðurkenningu þeirra beggja fyrir viðtöku þessara peninga.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um búskap hegning-* **132**
arhússins. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, frá 8. þ. m. meðtók jeg **20. nóv.**
skýringar þær, er jeg hafði bedizt 31. júlí þ. á., snertandi tilboð umsjónarmanns hegning-
arhússins hjer í bœnum um að taka að sjer að kosta fæði fanganna gegn 50 a. borgun fyrir
hvern fanga á dag, og sjest af þessum skýringum, að fæðið hefir hingað til ekki kostað meira
fyrir hvern í fanga, en 41 e. á dag, að frátöldum eldivið, er umsjónarmaðurinn gjörði
sömuleiðis ráð fyrir að fá fyrir ekki neitt, ef hann tæki að sjer búskapinn fyrir áminnsta
50 a. á dag. Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra bæjarfógeti, til þóknanlegr-
ar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að mjer þykir ekki ástæða til að skipta
sjer frekar af tjedri beiðni, er hið fyrirhugaða fyrirkomulag mundi verða hegningarhúsinu
að talsverðum kostnaðarauka, eptir því sem frá hefir verið skýrt.

— *Brjef landshöfðingja til cand. phil. Þorleifs Jónssonar um styrk til að* **133**
kenna hraðritun. — Út af beiðni yðar frá 13. þ. m. um, að yður verði veittur **20. nóv.**
styrkur úr landssjóði til að kenna ungum mönnum hraðritun, læt jeg yður hjer með vita,
að jeg er fús á að veita yður af fje því, er getur um í 15. gr. fjárlaganna, hæfilega þókn-
un fyrir hvern mann, er þjer kennið nefnda íþrótt, allt að 8 mönnum, og með því
skilyrði, að styrkurinn verði greiddur yður þegar kennslan er um garð gengin og hlutað-
eigandi lærisveinar hafa sannað með prófi, að þeir sjeu orðnir svo leiknir í hraðritun, að
þeir geti tekið að sjer það verk, að bóka ræður á alþingi, ef þing það, sem kemur sam-
an 1. júlí næsta ár, vill hafa hraðritara til þess.

Auglýsing

um almennar baðanir sauðfjárins á kláðasvæðinu.

134
30. nóv.

Með því að fundizt hafa kláðavottar bæði í einni rjett í haust og um veturnatur á einum bæ, hvorttveggja á miðju svæði því, sem megn kláði fannst á í fyrra vetur, og þar sem ætla má, að tryggingarboð þau, er fyrirskipuð voru í fyrra, hafi verið framkvæmd á mjög hirðulausan og óáreiðanlegan hátt í ýmsum hreppum Borgarfjarðarsýslu, en ekki hefir verið mögulegt í sumar að halda uppi, svo að komið hafi verið í veg fyrir allar samgöngur milli Borgarfjarðarsýslu og sveitanna fyrir sunnan hana, heimagæzlu þeirri, er fyrirskipuð var í tjedri sýslu til að varna útbreiðslu fjárkláðans þaðan — hefi jeg álitnið nauðsynlegt til þess að útvega sem mesta tryggingu fyrir, að kláðanum verði alveg útrýmt á vetri þeim, er nú stendur yfir, að bjóða almennt bað á öllu sauðsje á áminnstu svæði.

Fyrir því skal hjer með skipað fyrir, eins og nú segir:

1.

Fyrir desembermánaðarlok þessa árs skal tryggilegt, öllum óþrifum og kláða eyðandi